

Reykjavík 27. janúar 2010

Til nemenda og foreldra í 10. bekk Réttarholtsskóla

Kæru nemendur og foreldrar

Þriðjudaginn 9. febrúar kl. 16:30-18:30 verður kynning á framhaldsnámi í Réttarholtsskóla fyrir alla grunnskóla í hverfi 2.

Það eru Álftamýrarskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli og Vogaskóli. Kynningin er samstarfsverkefni þessara skóla og Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis. Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla og Háteigsskóla hefur einnig verið boðið að vera með.

Framhaldsskólar sem kynna starfsemi sína eru: Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Kvennaskólinn, Menntaskólinn Hraðbraut, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Hamrahlíð, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn við Sund, Tækniskólinn og Verzlunarskóli Íslands.

Fyrirkomulag er þannig að hver framhaldsskóli hefur kennslustofu til umráða. Þar verður kynningarefni og upplýsingar aðgengilegt og fulltrúar skólanna geta svarað spurningum ykkar. Foreldrar og nemendur geta síðan farið á milli og kynnt sér þá skóla sem þeir hafa áhuga á og líka þá skóla sem þeir vita lítið um. Skólarnir verða í stofum 1-15 í sömu röð og er hér að ofan

Erfitt getur reynst að fá bílastæði við skólann þegar fjölmenni kemur í heimsókn. Við hvetjum þá sem eiga stutt að fara að koma gangandi.

Krakkar og foreldrar! Nú er tækifæri til að kynna sér marga skóla í einni ferð. Það eru mikilvæg tímamót framundan þegar skyldunámi lýkur og val á framhaldsnámi tekur við. Kynnið ykkur námsleiðir framhaldsskólanna!

Krakkar! Framtíðin er ykkar!

Foreldrar! Þátttaka ykkar skiptir miklu máli!

Mætum öll kát og hress í Réttarholtsskóla þriðjudaginn 9. febrúar 16:30-18:30

Með bestu kveðjum

Hilmar Hilmarsson skólastjóri

Sigrún Ágústsdóttir námsráðgjafi